

Reykjavík. 17.02.2021

Háttvirti viðtakandi og aðrir þeir er málið varðar.

Ég undirrituð hafði samband á dögnum við Birgi bæjastjóra og bæjastjórn Ísafjarðar þar sem ég fór þess á leit, fyrir hönd afkomenda hjónanna Kristjáns Gíslasonar og Margrétar Jóhönnu Magnúsdóttur, að fá leyfi til að setja niður útibekk á góðum stað í bæjarfélaginu til heiðurs minningu þeirra.

Kristján Gíslason var fæddur að Hvammi í Dýrafirði 11.11.1887 - d. 20.05.1963, Margrét Jóhanna Magnúsdóttir fæddist að Hjöllum/Kleifum í Skötufirði 01.06.1899 - d. 01.05.1979. Þjuggu þau nánast öll sín hjúskaparár að Sólögötu 7 á Ísafirði. Þau hjón eignuðust átta börn sem öll komust til manns. Við afkomendur þessa góða fólks, sem setti mikinn svip á bæjarlífið á sínum tíma, höfum rætt um hversu ánægjulegt það væri að fá leyfi til að heiðra minningu þess með því að gefa Ísafjarðarbæ setbekk, til gagns og þrýði. Við erum ættrækin stórfjölskylda og afar stolt af arfleifi okkar og vestfirskum uppruna. Kristján eða „Kitti ljúfur“, eins og hann var ávalt kallaður, stundaði sjóinn af alkunnum dugnaði. Hann gerði út eigin bát og Hjall og vann þar heimsins besta harðfisk og líka hákarl, sem hann seldi eða gaf bæjarbúum. Margrét kona hans var húsmóðir að þeirra tíma sið og rak margmennt heimilið að Sólögötu með myndarbrag.

Frá því að sú hugmynd kom upp meðal okkar afkomendanna, að heiðra minningu forfeðra okkar, hafa komið fram ýmsar uppástungur. Niðurstaðan varð að lokum þessi, sem sagt að gefa útibekk með áletruðum nöfnunum þeirra og heimilisfangi.

Við sjáum fyrir okkur, eins og ég ræddi um við Birgi, fallegan bekk meðfram sjávarsíðunni t.d. á leiðinni til Hnífsdals, þar sem Hjallurinn stóð á sínum tíma eða nálægt þeim stað. Þetta er óskastaðan en vissulega erum við þakklát fyrir það, ef bæjarstjórnin sýnir umleitan okkar áhuga og taki málið til umfjöllunar og hafi síðan samband við okkur.

Bekkurinn myndi gagnast gangandi, hlaupandi eða hjólandi vegfarendum til að setjast niður og hvílast og njóta um leið fallegrar náttúru. Auðvitað munum við vera í samstarfi við ykkur um það hvernig bekkur félli sem best inn í umhverfið og þyrfti sem minnst viðhald.

Við afkomendur munum að sjálfsögðu standa straum að öllum kostnaði, bæði kaupum, flutningi og framkvæmd við að setja bekkinn niður.

Með einlægri kveðju, fyrir hönd afkomenda Kristjáns og Margrétar

Þórhalla Guðmundsdóttir

0203615069